

S A F T

MICROSOFT ISLANDI

Allt frá stofnun hefur Microsoft Íslandi haft að leiðarjösi að verða leiðandi afi í íslenskum þekkingaröðnaði. Á hverjum degi aðstoðum við íslensk heimili, fyrirtæki og stofnanir við að nýta upplýsingatækni sér til hagsbóta við leik og störf. Microsoft Íslandi er hluti af einu stærsta fyrirtæki heims, Microsoft, sem með vörum sínum, þjónustu og starfssemi hefur áhrif á líff milljarða manna um heim allan. Eins og móðurfélagið tókum við hjá Microsoft Íslandi ábyrgð á þeim áhrifum sem tækni okkar, vískeypti og hegðun hafa á samfélagið í kringum okkur - [www.microsoft.is](http://www.microsoft.is).

SAFT

SAFT - Samfélag fjölskylda og tækni, er vakningaráttak um örugga tækniinotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er stýrt af ESB. Samningssaðili við ESB er Heimili og skóli - landsamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti fyrir Íslands hönd.

[www.saft.is](http://www.saft.is)

SAFT er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðarfærði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðarfærði á þessu sviði sem stýður hið jákvæða og hamlar gegn neikvæðum hlíðum upplýsingatækniinnar -

Netið er stórkostlegur upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika. Notum það ekki til að meíða og særa annað fólk og höfum ávallt í huga að allt sem við setjum á netið endurspeglar hver við erum - og er öllum opið, alltaf.

- Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert
- Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig
- Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er
- Mundu að efni sem þú setur á netið er öllum opið, alltaf
- Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á netinu



# ÖRYGGISBOÐORÐIN

## FYRIR FORELDRA

1. Ræddu við barnið hvort setja eigi upp eftirlitskerfi og hvernig það eigi að vera stillt.
2. Gerðu samkomulag við barnið um netnotkun.
3. Geymdu aðgangsupplýsingar að tölvunni á öruggum stað og skiptu reglulega um lykilorð.
4. Notaðu ávallt öryggisforrit. Til að gæta fyllsta öryggis ættu veiruvarnaforrit, eldveggur/nettálmi, njósnavarnabúnaður, tölvupóstsla og sprettigluggavörn ávallt að vera til staðar.
5. Notaðu netslu sem hamlar aðgangi barna að óæskilegu efni.
6. Stilltu stýrikerfið og öryggisforrit þannig að þau sækji og setji upp nýjustu uppfærslur sjálfkrafa.
7. Hafðu tölvuna í opnu rými frekar en lokuðu herbergi.

Nánari upplýsingar um hvernig hægt er að fylgja þessum reglum má finna á vefnum [www.saft.is](http://www.saft.is). Enn fremur má finna nákvæmari upplýsingar á síðunum [www.netöryggi.is](http://www.netöryggi.is) og [www.netsvar.is](http://www.netsvar.is).

## FYRIR BÖRN

1. Farðu varlega þegar þér berast viðhengi með tölvupósti eða skrár í spjallforritum eða félagsnetsíðum. Ekki opna neitt slíkt nema þú sért alveg viss um að skráin sé meinlaus.
2. Fáðu alltaf leyfi þess sem á tölvuna áður en þú setur upp nýtt forrit.
3. Ekki veita ókunnugum persónulegar upplýsingar á netinu (t.d. nafn, heimilisfang, lykilorð, símanúmer, fæðingardag, kennitölu eða myndir), hvorki í spjalli né á vefsíðum nema spyrja fullorðinn fyrst.
4. Tilboð sem berast í gegnum tölvupóst, spjallforrit eða á netinu eru oft varhugaverð. Beittu ávallt ýrtruðu varúð áður en eitthvað slíkt er samþykkt.
5. Hafðu alltaf fullorðinn viðstaddan þegar þú ætlar að hitta einhvern sem þú kynnist á netinu í fyrsta skipti.
6. Segðu einhverjum fullorðnum sem þú treystir frá því ef þú sérð eitthvað á netinu sem þér líkar ekki.



HUGSAÐU  
ÁÐUR EN  
ÞÚ SENDIR!